

61 ins um fyrirspurn sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, viðvíkjandi búnaðarskólagjaldi af eyði-
27. maí. jörðunum Vatnsenda, Ottarstöðum og Kollavíkurseli í Svalbarðshreppi vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg er amtsráðinu sam-
dóma um, að sveitarfelagi Svalbarðshrepps, sem hefir keypt hina fyrstnefndu jörð til að nota hana sem afrjett, beri að greiða búnaðarskólagjald af henni, og að búnaðarskólagjaldið af hinum 2 eyðijörðum skuli heimtað af ábúðndum prestssetursins Svalbarðs og jarðarinnar Kollavíkur, er nota land þeirra og hafa þær verið hjáleigur frá tjeðum jörðum áður en þær lögðust í eyði.

Að því leyti fyrirspurn sýslumanns snertir búnaðarskólagjaldið af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu hefi jeg ritað ráðgjafanum fyrir Ísland um málið.

62 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um
30. maí. niðurjöfnun dýratolls. — Í kæruskjali, sem þjer, herra amtmaður, hafið sent mjer, kvartar hreppsnefndin í Vindhælishreppi yfir því, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu hafi skipað að jafna niður dýratolli á fjáreigendur í hreppnum eptir fjártölu, og að innheimta hann sjerstaklega í peningum, þó að sú venja hafi verið ákomin í Vindhælishreppi, eins og víðar í sýslunni, að allur kostnaður til dýraveiða hafi verið greiddur úr sveitarsjóði, og hafi fyrirkomulag þetta, sem þyki einkar hagfellt, bæði fyrir gjaldendur og þá, sem eiga að innheimta gjöldin, verið samþykkt 5. júní 1871 af hinum þáverandi sýslumanni; loksins hefir hreppsnefndin tekið fram, að eyðing refa sje eigi fjáreigöndum einum í hag, heldur engu að síður þeim, er varphlunnindi hafa, og yfir höfuð virðist að efla almenna hagsæld, og því ekki vera neinum hreppsbúa óviðkomandi.

Þjer látið, herra amtmaður, það álit yðar í ljósi, að það myndi hagkvæmast, að lofa hreppsnefndunum sjálfum að ráða því, hvort kostnaði til refaveiða sje jafnað niður sjerstaklega á fjáreigendur eptir fjártölu og hann svo innheimtur fráskilinn öðrum sveitargjöldum, eða þá gjörður að einu atriði í sveitarreikningnum og borgaður úr hreppssjóði, en sjerstök niðurjöfnun á þessum kostnaði segið þjer hafi marga erfiðleika í för með sjer fyrir sveitarnefndina, og sje því sú venja víða komin á í umdæmi yðar, að kostnaður þessi sje beinlínis greiddur úr sveitarsjóði og bendið þjer á, að heimild þar til virðist vera í 17. gr. tilskipunar um sveitarstjórn frá 4. maí 1872, sem virðist hafa breytt fyrirætlum 33. greinar hreppstjórainstruxins frá 24. nóvbr. 1809 um þetta atriði.

Um leið og jeg skírskota til þess, sem tekið er fram í brjefum mínum frá 29. júlí 1880 (stjórnartíð. B. 128) og 15. maí 1879 (stjórnartíð. B. 76) vil jeg, út af því sem hefir framkomið í þessu máli, tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg sjái ekkert því til fyrirstöðu, að jafna niður dýratollum með öðrum sveitargjöldum.

63 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun prófaste. — Í þóknan-
30. maí. legu brjefi frá 19. marz þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, út af erindi, sem stiptsyfirvöldin hafa sent yður fyrir hönd nefndar þeirrar, er síðasta prestastefna hafði kosið til þess meðal annars að íhuga, hvernig bæta skyldi kjör hjeradsprófastanna, lagt það til, að ráðgjafinn ljeti leggja fyrir alþingi í sumar komandi frumvarp til laga um afnám umreiðarlauna þeirra, sem próföstum nú bera, og í annan stað frumvarp til laga um, að hverjum hjer-